

196. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 2. mars 2017, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð. Einnig voru mættir sem gestir á fundinn, undir fyrsta dagskrárlið, Garðar Þorfinnson, Eyjólfur Eyfells og Þórarinn Þórarinsson.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi nýr dagskrárliður 5 og aðrir dagskrárliðir færast til sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

1. Gestir á fund sveitarstjórnar:

- 1.1. Til fundarins voru mættir Garðar Þorfinnsson frá Landgræðslunni og Eyjólfur Eyfells, frá Mountaineers og kynntu hugmyndir Mountaineers um að kolefnisjafna reksturinn hjá sér með landgræðslu í Bláskógabyggð.
- 1.2. Til fundarins var mættur Þórarinn Þórarinsson og kynnti verkefni um ferðamannasetur sem hann hefur unnið að undanfarin misseri.

2. Fundargerðir til staðfestingar:

- 2.1. 180. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. 127. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2017 – 17-47.

Mál nr. 1; Hrosshagi lóð: Umsókn um byggingarleyfi: Gripahús – 1701043.
Sótt er um leyfi til að byggja gripahús 54,6 ferm og 188,4 rúmm úr stálgrind við véla/verkfærageymslu sem fyrir er. Heildarstærð eftir stækkun er 163,8 ferm. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við umsóknina enda er hún í samræmi við landnotkun svæðisins. Er samþykkt með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir öðrum hagsmunaaðilum á bæjartorfunni. Ef engar athugasemdir berast við grenndarkynningu er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 2; Apavatn 1 lnr. 167620: Efra-Apavatn 1B, 1C, 1D og 1E: Stofnun lóða 1508055.

Lögð fram umsókn sem varðar skiptingu jarðarinnar Apavatn 1 lnr. 167620. Í því felst að stofnaðar eru 10 spildur úr jörðinni auk þess sem verið er að staðfesta afmörkun fimm áður stofnaðra lóða.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við skiptingu jarðarinnar í samræmi við fyrirliggjandi gögn, með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar og samþykki eigenda aðliggjandi jarða á landamörkum. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Bryndís Böðvarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Mál nr. 3; Útey lóð 2: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús – viðbygging – 1701055.

Sótt er um leyfi til að byggja við sumarhús á lóðinni Útey lóð 2 lnr. 168221 , svefnskála með tengibyggingu 50,9 ferm og 160,9 rúmm úr timbri. Heildarstærð eftir stækkun er 117,6 ferm.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stækkun núverandi sumarhúss með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigenda aðliggjandi lóðar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef engar athugasemdir berast við kynningu er afgreiðslu málsins vísað til byggingarfulltrúa.

Mál nr. 4; Valhallarplan og Þingplan: Þingvellir: Þjónustubyggingar: Deiliskipulag – 1702008.

Lögð fram umsókn Þjóðgarðsins á Þingvöllum dags. 2. febrúar 2017 um heimild til að vinna deiliskipulag fyrir tvær salernisbyggingar á sitt hvoru svæðinu, Valhallarplan og Þingplan. Óskað er eftir fallið verði frá því að gerð verði krafa um skipulagslýsingu. Meðfylgjandi er greinargerð dags. 2. febrúar 2017. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að heimila að unnið verði deiliskipulag fyrir tvær salernisbyggingar á sitt hvoru svæðinu, Valhallarplani og Þingplani. Jafnframt er samþykkt að falla frá skipulagslýsingu þar sem allar meginlínur liggja fyrir í gildandi aðalskipulagi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að unnið verði heilstætt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Mál nr. 5; Haukadalur 4 lnr 167101: Lóð fyrir spennistöð: Deiliskipulagsbreyting – 1701073.

Lögð fram umsókn Rarik um breytingu á deiliskipulagi við Hótel Geysi sem felur í sér að afmörkuð er 56 fm lóð fyrir spennistöð austan við hótelið sem er í byggingu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi breytingu og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 7; Hlöðuvellir lnr 168224: Nýr byggingarreitur: Deiliskipulagsbreyting – 1701069.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi við Hlöðuvelli í Bláskógabyggð sem felst í að afmarkaður er byggingarreitur fyrir allt að 100 fm hesthús.

Jafnframt er gert ráð fyrir að núverandi hesthúsi verði breytt í neyðarskýli.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytinguna og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um umsagnir Forsætisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar.

Mál nr. 8; Þverbrekknamúli lnr. 186290: Tilfærsla á húsi: Deiliskipulagsbreyting – 1701070.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi við Þverbrekknamúla í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir skálavarðarhús færist frá því að vera norðan núverandi skála að svæði sunnan þess.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytinguna og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um umsögn Forsætisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar.

Mál nr. 9; Stekkjarlundur frístundasvæði: Miðfell: Deiliskipulag – 1604012.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Stekkjarlund úr landi Miðfells í Bláskógabyggð. Tillagan hefur verið lagfærð til að koma til móts við athugasemdir sem fram koma í bréfi Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember 2016. Einnig eru lagðar fram umsagnir Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, en umsögn Minjastofnunar liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Þrátt fyrir ábendingar í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar fyrirbyggjandi deiliskipulag. Um er að ræða gamalt frístundahúsahverfi þar sem flestar lóðir eru þegar byggðar og því er ekki talið raunhæft að gera t.d. kröfu um sameiginlega fráveitu. Markmið deiliskipulagsins er að setja samræmda skilmála um uppbyggingu lóða á svæðinu auk þess að afmarka lóðir eins nákvæmlega og hægt er miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar. Það er mat nefndarinnar að ekki sé hægt að miða við sömu kröfur og gerðar eru til deiliskipulags nýrra svæða.

Mál nr. 10; Veiðilundur frístundasvæði: Miðfell: Deiliskipulag – 1511043.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Veiðilund úr landi Miðfells. Hefur tillagan verið lagfærð til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar sem fram koma í bréfi dags. 14. nóvember 2016. Þá liggja fyrir umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar, en umsögn Minjastofnunar liggur enn ekki fyrir.

Þrátt fyrir ábendingar í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar fyrirbyggjandi deiliskipulag. Um er að ræða gamalt frístundahúsahverfi þar sem flestar lóðir eru þegar byggðar og því er ekki talið raunhæft að gera t.d. kröfu um sameiginlega fráveitu. Markmið deiliskipulagsins er að setja samræmda skilmála um uppbyggingu lóða á svæðinu auk þess að afmarka lóðir eins nákvæmlega og hægt er miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar. Það er mat nefndarinnar að ekki sé hægt að miða við sömu kröfur og gerðar eru til deiliskipulags nýrra svæða.

Mál nr. 11; Brú lóð lnr 188518: Nýbyggingar til útleigu: Fyrirspurn – 1701064.

Lögð fram fyrirspurn eigenda spildu úr landi Brúar lnr. 234-5951 dags. 25. janúar 2017 um hvort að heimilt verði að reisa 100 fm hús á landinu sem skiptist í fjórar 25 fm stúdíórbúðir til útleigu.

Umrætt land er í fasteignaskrá skráð sem sumarbústaðaland og svæðið er merkt sem slíkt í aðalskipulagi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur því að umsóknin samræmist ekki gildandi skipulagi svæðisins.

Mál nr. 23; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-47 – 1701005F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2017 lagðar fram til kynningar.

- 2.3. 128. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017 – 17-48.

Mál nr. 2; Reykjavegur 355-01: Efnistaka og smíði brúar yfir Fullsæl:

Framkvæmdaleyfi – 1702033.

Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 14. febrúar 2017 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar Reykjavegar milli Biskupstungnabrautar og

Laugarvatnsvegur sem felur m.a. í sér smíði nýrrar brúar yfir Fullsæl.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem hún fellur undir lið 2.04 og 10.10 í 1. viðauka laganna.

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Bláskógabyggðar og sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir henni. Þá telur sveitarstjórn að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að hún skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 3; Farvegur sunnan Hvítárbrúar: Efnistaka: Framkvæmdarleyfi – 1701076.

Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 17. febrúar 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr farvegi sunnan Hvítárbrúar við Kjalveg. Gert er ráð fyrir að taka um 10.000 m³ efnis í malarslitlag á Kjalvegi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem hún fellur undir lið 2.04 í 1. viðauka laganna.

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag svæðisins og samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku þegar leyfi Forsætisráðuneytisins liggur fyrir. Þá telur sveitarstjórn að framkvæmdin sé ekki líklega til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að hún skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 4; Litla-Fljót 1 167148: Borgarás: 6 lögbýlislóðir: Deiliskipulag – 1610030.

Lögð fram endurskoðuð tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir 6 lögbýlislóðir úr landi Litla-Fljóts lnr. 167148. Skipulagssvæðið er 15,5 ha að stærð og liggur upp að landi Brautarhóls, norðan þéttbýlisins í Reykholti. Það sem hefur breyst frá fyrri tillögu er nú er gert ráð fyrir að lóðirnar tengist nýrri vegtenginu um land Litla-Fljóts í stað þess að tengjast þéttbýlinu um land Brautarhóls. Þá er einnig lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi svæðisins.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er tillagan í samræmi við gildandi aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012 og samþykkir því að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsinguna skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 5; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Bláskógabyggð: Aðalskipulagsbreyting – 1603003.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. febrúar 2017 varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti. Jafnframt eru lögð fram endurskoðuð aðalskipulagsgögn þar sem komið hefur verið til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar. Er þar m.a. bætt við ákvæðum varðandi forsendur fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar hefur verið komið til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar og samþykkir breytt skipulagsgögn og felur skipulagsfulltrúa að senda þau til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 6; Höfði II lnr. 211605: Breyting á lóðum: Deiliskipulagsbreyting – 1702040.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Höfði II sem felst í að afmörkuð er sér lóð fyrir skemmu sem byggð var í samræmi við deiliskipulagið. Þá er jafnframt gert ráð fyrir breytingu á aðkomu og að ekki verði sér lóð utan um íbúðarhús.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123-2010. Þar sem ekki er verið að auka við byggingarmagn er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 7; Reykholt: Bláskógabyggð: Endurskoðun deiliskipulags – 1702042.
Lögð fram tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir stóran hluta þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð. Helstu markmið deiliskipulagsvinnunnar er:

-að skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðalóðir sem nýtast til uppbyggingar næstu árin.

-að gert verði ráð fyrir fjölbreyttum stærðum íbúða og að íbúðarsvæði séu í góðum tengslum við skóla, íþróttasvæði og verslun- og þjónustu.

-að skapa möguleika á þróun og vexti núverandi og nýrrar landbúnaðar-, þjónustu- iðnaðar- og athafnastarfsemi.

-að tryggja gott aðgengi gangandi og hjólandi að skólasvæðinu og almenna útivistarmöguleika fyrir íbúa og gesti.

-að bæta öryggi vegfarenda með endurskoðun á umferðarflæði og bílastæðum.

-að allar lóðir verði hnitsettar og settir skilmálar fyrir þær.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 3. mgr. 40. gr. og leita umsagnar Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að allar gildandi deiliskipulagsáætlanir í Reykholti verði felldar inn í tillöguna.

Mál nr. 8; Efri-Reykir lóð A1 Inr. 193553 og lóð B2 Inr. 200375: Frístundasvæði: Deiliskipulag – 1702025.

Lögð fram umsókn Markúsar Jóhannssonar og Kristjáns Þorsteinssonar dags. 9. febrúar 2017 um deiliskipulag fyrir 4,5 ha spildu af landi þeirra austan Brúarár (úr landi Efri-Reykja) sem í heild er um 12 ha. Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár frístundahúsalóðir merktar A1, B1 og C.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að auglýsa hana skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að deiliskipulagsmörk nái yfir allt núverandi land umsækjenda. Ástæða þessa er að núverandi stærðarskráning landsins er ekki rétt og mikilvægt er að mörk landsins séu rétt afmörkuð.

Mál nr. 9; Árgil: Haukadalur: Stækkun húss – 1506030.

Lagt fram erindi lóðarhafa Árgils dags. 15. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja 99 fm gistihús vestan við núverandi hús auk þess að stækka núverandi hús um 24 fm. Áður hafði verið óskað eftir heimild til að stækka núverandi hús um 123 fm en fallið hefur verið frá þeim hugmyndum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við nýtt hús og viðbyggingu með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum aðliggjandi lands skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef engar athugasemdir berast á kynningartíma er mælt með að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 25; Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur - 1702041.

Hugmyndir að samræmdum reglum varðandi útleigu á íbúðar- og sumarhúsum ræddar.

Í ljósi nýrrar reglugerðar er að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar ekki forsenda til að gefa út starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðar- og sumarhúsasvæðum umfram 90 daga þar sem hús á slíkum svæðum hafa til þessa ekki verið samþykkt eða skráð sem atvinnuhúsnæði. Samþykkt að útbúa samræmdar starfsreglur fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins byggt á þessari túlkun.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-48 – 1702002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017 lagðar fram til kynningar.

- 2.4. Minnisblað vegna fundar vinnuhóps um endurskoðun deiliskipulags Reykholts, dags. 15. febrúar 2017.
Samþykkt samhljóða.
- 2.5. Fundur fjallskilanefndar Þingvallasveitar, dags. 20. febrúar 2017.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að senda framlagða fundargerð til fulltrúa í stýrihóp um aðalskipulag Bláskógabyggðar, skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa. Óskað er eftir afstöðu til þeirra atriða sem fram koma í fundargerðinni.

3. Skipulagsmál:

- 3.1. Skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulags Kjósahrepps 2016 – 2028.
Lögð fram tillaga að skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags Kjósahrepps 2016 – 2028.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur skipulagsfulltrúa að yfirfara fyrirbyggjandi tillögu og veitir honum jafnframt fullt umboð að svara fyrir hönd sveitarfélagsins.
- 3.2. Tölvuskeyti Jóns Snæbjörnssonar, dags. 20. febrúar 2017; kynning á drögum að deiliskipulagi frístundahúsabyggðar í landi Eyvindartungu og beiðni um umsögn. Lögð fram drög og hugmyndir að deiliskipulagi frístundahúsabyggðar í landi Eyvindartungu. Út frá innsendum gögnum virðist sem umrædd drög samræmast gildandi aðalskipulagi svæðisins og einnig tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur á þessum tímapunkti ekki neinar athugasemdir við hugmyndir bréfitara og hvetur hann að senda inn sínar hugmyndir fullmótaðar til embættis skipulagsfulltrúa þar sem hægt verður að staðreyna hvort hugmyndirnar samræmist ekki að fullu gildandi aðalskipulagi. Einnig þarf skipulagsnefnd að taka erindi um nýtt deiliskipulag til formlegrar afgreiðslu.

4. Minnisblað Tæknisviðs Uppsveita, dags. 27. febrúar 2017; seyrulosun og meðhöndlun.

Lagt fram minnisblað Tæknisviðs Uppsveita um seyrulosun og meðhöndlun. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að eiga samráð við fulltrúa hinna samstarfssveitarfélaganna um verkefnið, en tekur ekki afstöðu til málsins að öðru leyti á þessum tímapunkti.

5. Tillaga um kjör sveitarstjórnar og nefnda Bláskógabyggðar.

Framlögð tillaga byggir á þóknunum eins og þær voru fyrir síðasta úrskurð kjararáðs um þingfararkaup, en hækkar í samræmi við breytingu launavísitölu á árinu 2016. Tillaga og fyrirkomulag á greiðslu þóknunar vegna fundarsetu hjá Bláskógabyggð er því eftirfarandi:

Sveitarstjórn:

Föst mánaðarleg greiðsla til oddvita	49.896
Föst mánaðarleg greiðsla til aðalmanna	24.948
Greiðsla fyrir setinn fund	24.948 (Þessi upphæð greidd til varamanna fyrir setinn fund)

Byggðaráð:

Föst mánaðarleg greiðsla til formanns	49.896
Föst mánaðarleg greiðsla til aðalmanna	24.948
Greiðsla fyrir setinn fund	24.948 (Þessi upphæð greidd til varamanna)

fyrir setinn fund)

Aðrar nefndir skv. samþykktum 12.474
Formaður nefnda fær tvöfalda þóknun 24.948

Aðrir fundir:

Aðrir stærri fundir, eða samstarfsfundir, jafnt utan sem innan sveitarfélags sem nefndarmaður hefur verið kjörinn til aða falið að sitja fær greitt kr. 24.948 fyrir heilan dag eða 12.474 fyrir hálfan dag (allt að 4 tímum).

Kjörnefndir: 12.474 fyrir hvern setinn nefndarfund

Greiðslur skv. tímakaupi:

Tímakaup er greitt fyrir vinnu hjá starfsnefndum, starfsmanna á kjörfundum eða annarri vinnu aðila sem sveitarstjórn hefur samþykkt.

Tímakaup 3.633 á klst.

Þessar fjárhæðir taka breytingum í byrjun hvers árs skv. breytingu launavísitölu, í fyrsta sinn í janúar 2018.

Akstursgreiðslur:

Akstur er greiddur vegna fundarhalda nefnda Bláskógabyggðar. Akstur kjörinna fulltrúa verður styrktur skv. aksturstaxta RSK. Til þess að fá akstur greiddan og kostnað vegna funda utan sveitarfélagsins þarf viðkomandi nefndarmaður að vera sérstaklega kjörinn fulltrúi sveitarfélagsins á þeim fundi eða hafa verið falið að mæta sem fulltrúi Bláskógabyggðar.

Sveitarstjóri fær ekki greitt sérstaklega fyrir fundarsetu.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

6. Innsend bréf og erindi:

6.1. Bréf Regínu Rósu Harðardóttur, dags. 24. febrúar 2017; sumarlokun leikskólans Álfaborgar.

Lagt fram bréf Regínu Rósu þar sem fram kemur að leikskólastjóri telur að það sé grundvöllur fyrir því að stytta sumarlokun í Álfaborg úr 6 vikum í 5 vikur. Þá mun sumarfrí leikskólans hefjast 1. júlí og opna aftur 8. ágúst.

Endanleg ákvörðun hjá leikskólanum á Laugarvatni liggur ekki fyrir þar sem ekki hefur enn tekist að manna deildarstjórastöðu skólans.

6.2. Tölvuskeyti Kristínar Hreinsdóttur, dags. 24. febrúar 2017; tillaga að skipuriti Bláskógaskóla í Reykholti.

Lögð fram tillaga að skipuriti fyrir Bláskógaskóla í Reykholti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu að skipuriti skólans með smávægilegum breytingum í samræmi við umræður á fundinum.

6.3. Tölvuskeyti Krafts, dags. 24. febrúar 2017; styrkbeiðni.

Lagt fram tölvuskeyti Krafts þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs félagsins. Erindinu hafnað.

6.4. Bréf Sýslumannsins á Selfossi, dags. 27. febrúar 2017; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II, frístundahús í landi Úteyjar 1, lóð nr. 10.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Samvil ehf, kt. 621297-3099, um útgáfu rekstrarleyfis vegna reksturs gististaðar í flokki II í frístundahúsinu Laugarsetur, í landi Úteyjar 1.

Skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 m.s.br. og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis, þá þarf viðkomandi húsnæði að vera skráð sem atvinnuhúsnæði. Þar sem umrædd húseign er á skipulögðu frístundahúsasvæði þá samræmist þessi starfsemi í flokki II ekki gildandi skipulagi. Vegna þessara annmarka getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki fallist á að umrætt leyfi verði veitt.

7. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl. 18:45.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Sigurrós H. Jóhannsdóttir